

Nd.

134. Frumvarp til laga

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

(Lagt fyrir Alþingi á 61. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn, er sæti taki í ráðinu í forföllum aðalmanna, eða ef sæti verður laust um stundarsakir.

2. gr.

Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:

1. Ákveður hvaða vörur skuli flytja til landsins.
 2. Ráðstafar farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenskra aðila eða á vegum þeirra.
 3. Ráðstaðar gjaldeyri til vörukaupa erlendis og annarra nauðsynja.
 4. Úthlutar innflutningi á vörum til innflytjenda og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna ófriðarástands eða viðskipta-skilyrða.
 5. Annast innflutning brýnna nauðsynja, ef sýnilegt þykir, að innflytjendur sjái ekki þörfum þjóðarinnar borgið.
 6. Fer með verðlagseftirlit og vöruskömmun lögum samkvæmt, svo og önnur þau mál, er ríkisvaldið kann að fela því.
- Ráðherra getur sett Viðskiptaráði starfsreglur.

3. gr.

Engan erlendan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands hefur einn kauprétt á erlendum gjaldeyri og þeir bankar, sem hann gefur umboð til þess. Slíkt umboð skal falið Útvegsbanka Íslands h/f. Skytt er að afhenda til bankanna þann gjaldeyri, sem menn eiga eða eignast.

Þeim gjaldeyri, sem bankinn kaupir, skal skipta milli hans og Útvegsbanka Íslands h/f þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja hluta alls gjaldeyrissins fyrir innkaupsverð, blutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum, ef hann

óskar þess. Hlutfalli því, sem hvor banki fær, getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er pósthjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur. Bannað er að flytja erlendan gjaldmiðil úr landi.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð um efni þau, er í lögum þessum greinir, þar á meðal um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, um gjaldeyrisverzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi erlends og innlends gjaldcyris og til tryggingar því, að íslensk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri og að honum verði ráðstafað samkvæmt settum reglum.

5. gr.

Hver sá, er innflutningsleyfi fær, greiði Viðskiptaráði $\frac{1}{2}\%$ af upphæð þeirri, sem leyfi hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af Viðskiptaráði.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skilyrðum um leyfi, er Viðskiptaráð setur, varða sektum allt að 100000 kr. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má og svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. ahennra hegningarlaga skal og heimil vera.

7. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 6. gr. fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá gildistöku laga þessara falla lög nr. 99/1942 og önnur lög, sem fara í bág við þau, úr gildi.

Lög þessi falla úr gildi í síðasta lagi sex mánuðum eftir að núverandi Evrópu-styrjöld er lokið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal starfa þangað til Viðskiptaráð hefur tekið við þeim störfum, sem nefndin hefur nú.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þau lög, sem nú eru í gildi um íblytun og eftirlit með innflutningsverzlun landsins, gefa ekki ríkisstjórninni þær ráðstöfunarheimildir, sem nauðsynlegar eru eins og nú standa sakir. Um nokkurn tíma hefur skipakostur sá, er landsmenn ráða yfir, ekki nærri fullnægt innflutningsþörf landsins. Mikið af vörum hefur því safnast fyrir í höfnum vestan hafs, sem ekki hefur verið unnt að flytja hingað til lands. Verður því ekki hjá því komizt að takmarka vörukaup við þann skipakost, sem landsmenn ráða yfir, og að því farmrými sé varið til flutnings á þeim vörum, sem nauðsynlegastar eru fyrir afkomu þjóðarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stofnun Viðskiptaráðs, er hafi á hendi úthlutun gjaldeyris, innflutnings og farmrýmis, einnig verðlagseftirlit og vöruskömmtnun og geri aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að verða vegna ófriðarins, þar með talið að hafa umsjón með innkaupum ýmsra vörutegunda í Bandaríkjunum, sem nú eru falin viðskiptanefnd. Enn fremur að taka í sínar hendur innflutning brýnna nauðsynja, ef sýnilegt þykir, að innflytjendur sjái ekki þörfum þjóðarinnar borgið.

Um leið og Viðskiptaráð tekur til starfa, hættir gjaldeyris- og innflutningsnefnd störfum.

Í frumvarpinu er gerð sú breyting á gjaldeyrisverzluninni, að Landsbanki Íslands hefur einn leyfi til að kaupa erlendan gjaldeyri og bankar þeir eða stofnanir, sem hann gefur umboð til þess. Jafnframt er Útvegsbanka Íslands h/f tryggður ákveðinn hluti af öllum gjaldeyri, sem keyptur er.

Þar sem heimildir þær, sem um ræðir í frumvarpi þessu, eru sérstakar styrjaldar-ráðstafanir, þykir rétt, að lögín falli úr gildi sex mánuðum eftir að núverandi Evrópu-styrjöld er lokið.